

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Rífós hf. Kópaskeri - Röndin



Dags eftirlits	10.11.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Rífós hf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Röndin, Kópaskeri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5006922869	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar H. Þorvaldsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti en tvær ábendingar voru settar fram er varða öryggisblöð og að sýni við inntak innrennslis voru ekki tekin.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um landeldisstöð fyrir eldi á laxfiskum er að ræða, með eldisaðstöðu innandyrna og hámarkslífmassa á hverjum tíma allt að 400 tonnum. Stöðin stendur við Röndina, við Kópasker. Frárennslíð er leitt í gegnum tromlusiur og þaðan út í sjó. Um ný byggða stöð er að ræða er enn er verið að vinna að byggingaframkvæmdum á svæðinu.

### Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir nýtt starfsleyfi stöðvarinnar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir vöktunarþætti starfsleyfisins og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir nýtt starfsleyfi og minnt á skiladaga skv. því. Þetta er fyrsta eftirlit í stöðina en hún var tekin í notkun í lok júlí á þessu ári. Tvö ker af átta eru komin í notkun í stöðinni en enn er verið að vinna við hin kerin. Stefnt er að því að þau verði tekin í notkun í byrjun næsta árs. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2022 en ekki hefur verið gert áhættumat áður fyrir þessa stöð.

Er eftirlitið fór fram voru um 18 tonn af fiski í stöðinni í tveimur kerjum. Seiðin koma inn í stöðina frá stöð rekstraraðila að Lóni, Kelduhverfi eftir smoltun, eða um 60 g að þyngd. Seiðin eru alin upp í að meðaltali 400 g og eru þá flutt í sjókvíar á vegum rekstraraðila á Austfjörðum. Engin lyfjagjöf á sér stað í stöðinni, engar bólusetningar eða önnur meðhöndlun, einungis fóðurgjöf. Öll fóðrun er sjálfvirk og útreikningur fóðurmagns og tíðni fóðurgjafa er reiknuð út með forritinu FishTalk.

Minnt er á að skv. gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit og upplýsingar um losun mengandi efna og skila til Umhverfisstofnunar árlega. Þar sem um nýtt leyfi er að ræða eru fyrstu skil fyrir 1. maí 2022. Skila skal skýrslunum til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Allar skráningar fara inn í FishTalk og EQS og eru þær aðgengilegar öllum starfsmönnum þar. Engar athugasemdir eru gerðar um skráningarnar. Gæðahandbók er til staðar á rafrænu formi sem og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, umhverfismarkmið og vöktunaráætlun. Eintak af starfsleyfi var aðgengilegt á staðnum.

Síðustu mælingar á efnalosun í frárennslis voru gerðar þann 12. október sl. og er næsta mæling fyrirhuguð við næstu hámarksfóðrun skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. Minnt er á að taka skal sýni bæði við inntak í stöðina (núll punkt) sem og við útrás frárennslis frá stöðinni. Niðurstöður mælinganna hafa verið sendar til eftirlitsaðila.

Sápur, sótthreinsiefni, maurasýra og önnur spilliefni eru geymd í lokuðu plastkari. Minnt er á að ætíð skal

ganga úr skugga um að tappi sé vel lokaður í niðurfallsstút kersins. Ábending er sett fram um að öryggisblöð vantar við efnageymslu og rekstraraðila bent á að bæta úr því sem allra fyrst. Nýr tvöfaldur stálgeymir fyrir olíu er við vararafstöð stöðvarinnar. Verið er að útbúa lekaþró undir geyminn sem tengt verður við olíuskilju. Plan verður steipt undir geyminn.

Allur almennur úrgangur er sóttur af sveitarfélaginu og fer til urðunar en dauðfiskur er settur í meltutank og enn er ekki komið að losun á honum. Samningur er við Sel um móttöku og urðun á meltunni eins og er, en stefnt er að því að gera samning um nýtingu meltunar til landgræðslu á svæðinu og eru samningaviðræður í gangi varðandi það. Rekstraraðili hefur áburðarleyfi frá MAST vegna nýtingu meltunar sem áburðagjafa. Minnt er á að skv. gr. 3.10 í starfsleyfi skal rekstraraðili útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna skv. henni. Skila þarf áætluninni til eftirlitsaðila. Einnig skal rekstraraðili útbúa áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli eldisstöðvarinnar og skal hún vera aðgengileg eftirlitsaðila í eftirliti.

Samningur hefur verið gerður um meindýravarnir á svæðinu og verður áætlunin uppfærð eftir þörfum.

Gengið var um stöðina. Enn er mikið af iðnaðarmönnum við vinnu á svæðinu, byggingarefni og vinnuvélum. Lóðin er enn ófrágengin en stefnt er að því að frágangi verði að fullu lokið vorið 2022. Engar athugasemdir eru gerðar varðandi frágang á lóð að teknu tilliti til framkvæmda á svæðinu.

#### **ÁBENDINGAR**

Ábending er sett fram í eftirlitinu um að öryggisblöð fyrir sápur, sóttþreinsiefni og maruasýru vantar við efnageymslu. Einnig er sett fram ábending um að gera skal mælingar bæði við inntak innrennslis (núllpunkt) sem og við útrás frárennslis. Einungis var tekið sýni við útrás við síðustu sýnatöku.

#### **ANNAD**

Krafa er gerð um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 og sendi rekstraraðili nýtt tryggingaskýrteini sem gildir til 01.01.2023, er eftirlitið fór fram.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að starfsemi stöðvarinnar hófst.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

Reykjavík, 16.12.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Arnadóttir